


Fréttabréf

Hörgárbyggðar

10. tbl., 7. árg., 2. júní 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason



Leikskólinn

Álfasteinn

Stækkað og endurbætt hús leikskólans Álfasteins verður formlega tekið í notkun laugardaginn 9. júní.

Kl. 11 hefst stutt dagskrá þar sem framkvæmdum verður lýst og leikskólabörnin gleðja viðstadda.

Leikskólinn verður svo opinn til kl. 14. Þá verður hægt að skoða hann og fræðast um starfið sem þar fer fram.

Allir velkomnir

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Fífilbrekkuhátíðin

á Hrauni

verður 16. júní nk.

Dagskrá byrjar kl. 14 með opnun fræðimannsíbúðar og vígslu fólkvangs.

Boðið verður upp á gönguferðir undir leiðsögn um fólkvanginn, upp að Hraunsvatni, suður í Hraunin og um heimalandið niður að Öxnadalsá.

Kaffi verður á boðstólum í nýuppgerðu íbúðarhúsinu að Hrauni.

Vinnureglur fjallskilaneftdar

Fjallskilaneftnd hefur tekið saman í eitt skjal þær vinnureglur sem notaðar hafa verið undanfarin ár við álagningu fjallskila og fleira sem varða framkvæmd fjallskila í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hefur staðfest vinnureglurnar.

Vinnureglurnar er hægt að lesa á heimasíðu sveitarfélagsins og einnig er hægt að fá þær sendar.

Söfnunardagur heyrúlluplasts verður 11. júní

Það er síðasta söfnun á heyrúlluplasti (baggaplasti) í vor

Í sömu ferð verða áburðarpokar teknir til endurvinnslu

Aðgreina verður ytra og innra byrði pokanna
(sama fyrirkomulag og í fyrra)

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. júní 2007

í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 18. júní og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma